

Fimmtudaginn 5. júní 1997.

Nr. 12/1997.

Ákærvaldið(Björn Ólafur Hallgrímsson, settur saksóknari)
gegn**Kristófer Oliverssyni Zalewski**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Skjalafals. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 8. janúar 1997. Krefst ákærði þess aðallega, að hann verði sýknaður, en til vara, að refsing sín verði milduð og skilorðsbundin.

Ákærvaldið krefst nú staðfestingar héraðsdóms.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður fallist á sakfellingu ákærða og heimfærslu brots hans til 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms afturkallaði ákærði aðfararbeiðni sína á hendur einum víxilskuldaranna. Einnig kom fram við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti, að fjárnám hjá öðrum víxilskuldara hefði verið afmáð úr þinglýsingabók 23. desember 1996. Með vísan til forsendna héraðsdóms þykir refsing ákærða þar hæfilega ákveðin. Þar sem sýnt er, að tjón muni ekki hljóta af verknaði ákærða og hann hefur ekki áður hlotið refsidóm, þykir mega skilorðsbinda hana að öllu leyti.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Kristófer Oliversson Zalewski, sæti fangelsi sjö mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun

skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 12. desember 1996.

Ár 1996, fimmtudaginn 12. desember, er í Héraðsdómi Reykjavíkur kveðinn upp dómur af Hjördísi Hákonardóttur héraðsdómara í sakamálinu nr. 591/1996: Ákærvaldið gegn Kristófer Oliverssyni Zalewski.

Mál þetta, sem var dómtekið 22. nóvember 1996 að lokinni aðalmeðferð, er höfðað á hendur Kristófer Oliverssyni Zalewski, kt. 010751-3149, Akra-seli 17, Reykjavík, samkvæmt ákæru, út gefinni á skrifstofu ríkissaksóknara 23. júlí 1996, „fyrir skjalafals með því að hafa 30. mars 1995 í Sparisjóði vélstjóra, Síðumúla 1, Reykjavík, afhent til innheimtu og 22. maí 1995 afhent Grétari Haraldssyni hæstaréttarlögmanni til frekari innheimtu víxil nr. 3138, sem var með nafnritun Bylgju Báru Bragadóttur sem greiðanda, Höskulds Bragasonar sem útgefanda og Rúnars Braga Guðlaugssonar sem ábekings, sem kærði hafði falsað með þeim hætti að útfylla víxilinn með því að rita fjárhæðina 1.000.000 kr. í bókstöfum og tölustöfum, útgáfudagssetninguna 30. janúar 1995 og greiðsludag 30. apríl 1995, en víxillinn með þessu efni stafaði ekki frá þeim aðilum, sem ritað höfðu nafn sitt á hann, enda komst kærði yfir víxileyðublaðið með ólögmætum hætti hjá móður greiðandans og átti ekki kröfu á neinn víxilskuldaranna.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940“.

Af hálfu ákærvaldsins er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Verjandi ákærða gerir þær kröfur, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins í málinu og allur sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði, þ. m. t. málsvagnarlaun.

Upphaf máls þessa er það, að Bylgja Bára Bragadóttir, kt. 210473-5569, Vindási 2, Reykjavík, kærði 23. maí 1995 þjófnað á víxileyðublaði, sem búið var að rita á nöfn samþykkjanda, greiðanda, útgefanda og ábekings, en enga fjárhæð eða dagsetningar. Kvað hún víxileyðublaðinu hafa verið stolið af heimili móður sinnar, Aldísar Jónínu Höskuldsdóttur, að Heiðarbraut 14 á Hnífsdal, en óvíst hvenær. Lagði hún fram ljósrít af víxli nr. 3138, að fjárhæð 1.000.000 kr., með gjalddaga 30. apríl 1995 og samþykktan af henni. Nafn útgefanda var Höskuldur Bragason, en hann er bróðir kæranda, og ábekingur var Rúnar Bragi Guðlaugsson, sem er unnusti kæranda. Seljandi víxilsins var ákærði.

Hafði kæranda borist greiðsluseðill frá Sparisjóði vélstjóra, Síðumúla 1, Reykjavík, fyrr sama dag, en áður kvaðst hún ekki hafa vitað um tilvist þessa víxils. Kærandi kannaðist við að hafa ritað nafn sitt á víxilinn, og nöfn

annarra á honum kvað hún vera rétt. Hins vegar hefði víxillinn verið án fjárhæðar og dagsetninga, er ritað var á hann. Hefði átt að nota víxileyðublaðið vegna kaupa á tækjum í sólbaðsstofu. Á þeim tíma hefði hún búið hjá móður sinni að Aflagrandi 17 í Reykjavík. Hefði víxileyðublaðið, sem um ræðir, ekki verið notað og lent í skjölum móður hennar og hreinlega gleymst, en nú hefði komið í ljós, að þaðan hefði því verið stolið. Á þeim tíma hefði móðir hennar verið gift ákærða. Hefði móðirin ekki haft hugmynd um tilvist víxilsins, enda liggi engin viðskipti eða annað að baki víxl-inum, hvorki kærandi né aðrir hefðu fengið nokkuð fyrir hann.

Ákærði jatar að hafa útfyllt víxilinn með fjárhæð, 1.000.000 kr., í bókstöfum og tölustöfum og ritað á hann útgáfudag og gjalddaga. Hann fullyrðir, að hann hafi fengið víxilinn hjá móður kæranda og haft heimild hennar til þess að fylla hann út allt að þessari fjárhæð. Ákærði og móðir kæranda, vitnið Aldís Jónína Höskuldsdóttir, gengu í hjónaband í október 1991 og skildu að borði og sæng í janúar 1995. Hófu þau búskap í Reykjavík, en fluttust til Hnífsdals vorið 1993. Ákærði jatar einnig að hafa sett víxilinn í innheimtu, fyrst í Sparisjóði vélstjóra og síðan til Grétars Haraldssonar lögmanns.

Sannað er með framburði vitna og gögnum málsins, að nafnritanir á víxl-inum eru réttar og að þær voru skráðar á víxileyðublaðið fyrri hluta árs 1993. Ætlunin var, að þessi víxill kæmi í stað tveggja annarra víxla, er gefnir höfðu verið út sem trygging fyrir greiðslu á sólbekkjum í sólbaðsstofu, sem mæðgurnar, vitnið Aldís og kærandi Bylgja Bára, voru að koma á fót í Borgarnesi, hvors að fjárhæð 220.000 kr. Fjárhæð var ekki útfyllt né dagsetningar, þar sem óljóst var um kostnað. Er til kom, var búið að setja hina tvo víxlana í banka til innheimtu, svo að víxileyðublaðið var ekki notað. Mun víxileyðublaðið síðan hafa fylgt gögnum Aldísar, er hún fluttist vestur, en Bylgja Bára bjó áfram í Reykjavík.

Ákærði heldur því fram, að Aldís hafi látið sig fá víxileyðublaðið, er hann hafi farið fram á tryggingu vegna fjárskipta þeirra við skilnaðinn. Kveðst hann hafa sagt henni, að víxilfjárhæðin gæti orðið um 1.000.000 kr., og hafi hún játað því. Aldís þvertur fyrir að hafa látið hann fá víxileyðublaðið, og er því haldið fram, að hann hafi stolið því úr vörslum hennar; þó er ekki ákært vegna þessa. Ákærði heldur því fram, að hann hafi átt að fá bifreið þeirra, af gerðinni Subaru, árgerð 1988, út úr fjárskiptunum og að Aldís hafi átt að greiða lán, sem hann er ábyrgðarmaður á. Aldís neitar því, að hann hafi átt að fá alla bifreiðina, og hafi hún verið seld fyrir skuldum þeirra. Hún fullyrti, að ákærði hefði tekið að sér að greiða umþrætta skuld við skilnaðinn og hún tekið að sér að greiða aðra skuld vegna sólbaðsstof-

unnar í Borgarnesi. Samkvæmt framburði hennar fór andvirði bifreiðarinnar þó til greiðslu þeirrar skuldar. Í bókun við skilnað þeirra að borði og sæng kemur fram, að samkomulag sé um fjárskipti. Sama segir í leyfisbréfi til lögskilnaðar, dagsettu 26. júlí 1995. Á þeim tíma hefur ákærði þó reynt að innheimta hinn umdeilda víxil vegna þess, að því er hann heldur fram, að Aldís hafi ekki staðið við sinn hluta skilnaðarsamkomulagsins.

Ákærði fluttist suður eftir skilnaðinn í janúar 1995. Hann heldur því fram fyrir réttinum, að hann hafi skilið bifreiðina eftir fyrir vestan og Aldís mátt nota hana í tvo til þrjá mánuði, enda ófært suður, en síðan hafi hún ekki viljað skila henni, er hann kallaði eftir henni. Bifreið þessi var skráð á nafn kæranda, Bylgju Báru, og er sannað, að það var gert að beiðni ákærða og Aldísar vegna fjárhagsstöðu þeirra og að Bylgja Bára hafði aldrei raunveruleg umráð bifreiðarinnar. Sannað er með framburði Bylgju Báru, að ákærði kom til hennar og vildi fá bifreiðina umskráða á sig einhvern tíma fyrri hluta árs 1995. Kveðst hún hafa hafnað því, vegna þess að það væri mál, sem ákærði og móðir sín þyrftu að útkljá sín á milli, hvernig færi um bifreiðina. Ákærði heldur því fram, að í þetta sinn hafi hann sagt Bylgju Báru, að hann myndi þá setja víxilinn í innheimtu.

Að því er varðar skuldabréf það, sem hann telur einnig hafa átt að vera tryggt með víxlinum, er sannað með gögnum málsins, að nafnbreyting var gerð á því og ákærði skráður greiðandi. Sú skýring hans á nafnbreytingunni þykir ekki trúverðug, að hann hafi látið breyta nafni greiðanda, vegna þess að hann hafi ekki treyst því, að Aldís greiddi af láninu, þó að hún ætti að greiða af því, en hann var ábyrgðarmaður.

Ákærði varð tvísaga fyrir dóminum um það, hvenær hann hefði gefið víxilinn út, en taldi sig endanlega hafa gert það á skráðum útgáfudegi, 30. janúar 1995; gjalddagi er skráður 30. apríl 1995. Hjónaskilnaðurinn varð um miðjan janúar sama ár, og hefur ákærði því útfyllt víxilinn, fljótlega eftir að hann fer suður. Gera þessar tímasetningar allan framburð ákærða misvísandi og ótrúverðugan vegna þeirrar útskýringar hans, að Aldís hafi mátt hafa bílinn fram á vor og hann viljað hafa tryggingu fyrir því, að hún stæði við greiðslur af skuldabréfi því, sem hann var ábyrgðarmaður á, þar sem varla hefur verið tímabært að meta efndir eiginkonunnar hálfum mánuði eftir skilnaðinn, þegar víxillinn er útfylltur.

Sannað er með framburði ákærða og vitna og öðrum gögnum málsins, að víxileyðublaðið var ekki gefið út í þágu ákærða og að ákærði fékk ekki leyfi eða samþykki þeirra, sem ritað höfðu nöfn sín á víxilinn árið 1993, til þess að skuldbinda þau fyrir 1.000.000 kr. Fjárskipti vitnisins Aldísar og ákærða eru víxilskuldurinum algerlega óviðkomandi, og á það einnig við um kær-

anda, Bylgju Báru, þótt bifreiðin hafi að formi til verið skráð á nafn hennar, er skilnaður ákærða og Aldísar var gerður. Aldís er ekki skuldbundin samkvæmt vixlinum. Einnig er sannað, að ákærði hafði ekki samþykki vixilskuldaranna til að leita eftir fullnustu samkvæmt vixlinum.

Með því að afla ekki samþykkis vixilskuldaranna, barna fyrrverandi eiginkonu sinnar, sem bera ekki ábyrgð á hennar fjárreiðum, til þess að færa inn efni vixilsins með þeim hætti, sem hann gerði, og skuldbinda þau þannig án heimildar þeirra og án nokkurs endurgjalds til greiðslu á 1.000.000 kr. á þar tilgreindum gjalddaga, hefur ákærði falsað efni vixilsins. Með því að setja vixilinn í innheimtu, fyrst í Sparisjóði vélstjóra og síðan hjá Grétari Haraldssyni lögmanni, og láta síðan framfylgja kröfunni með fjárnámi án þess að eiga rétt til greiðslu úr höndum þessara aðila, hefur ákærði notað hið falsaða skjal og blekkst með því í lögskiptum; er brot hans með því fullframið. Samkvæmt þessu er ákærði fundinn sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæru, og þykir brot hans vera þar rétt heimfært til refsíákvæða.

Ákærði hefur ekki áður sætt refsingu. Þegar litið er til þessa, fjárhæðar vixilsins og þess, að ekki hafa verið lögð fram gögn um fjártjón þeirra aðila, sem hann hefur reynt að innheimta vixilfjárhæðina hjá, þykir refsing hans hæfilega ákveðin sjö mánaða fangelsi, en rétt þykir að fresta fimm mánuðum af fullnustu refsingar og láta hana falla niður að liðnum þremur árum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði skal greiða allan sakarkostnað, þar með talin málflutningslaun í ríkissjóð, 70.000 kr., og 70.000 kr. í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.

Af hálfu ákæruvalds var málið flutt af Sigríði J. Friðjónsdóttur, deildarlögfræðingi hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kristófer Oliversson Zalewski, skal sæta sjö mánaða fangelsi, en fresta skal fullnustu fimm mánaða af refsingunni og láta hana falla niður að liðnum þremur árum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði skal greiða allan sakarkostnað, þar með talin málflutningslaun í ríkissjóð, 70.000 kr., og 70.000 kr. í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.